


Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Laugavegi 166 / Umhverfisstofnun  
150 Reykjavík

U S T

Umhverfisstofnun



8. október 2003  
Tilvísun: UST20030900153/sf

### Urðunarstaður fyrir lífrænan úrgang í Mjóafirði. Matsskylda.


Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dagsett 22. september sl., þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á því hvort framangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig er vísað í bréf ásamt greinargerð frá Mjóafjarðarreppi til Skipulagstofnunar, dagsett 12. september sl., þar sem nánar er gerð grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd en því fylgir m.a. úttekt Halldórs G. Péturssonar og Höskuldar B. Jónssonar, frá október 2002, fyrir Sæsilfur hf.

Fyrirhugað er að opna nýjan urðunarstaður fyrir lífrænan úrgang frá fyrtækinu Sæsilfur hf. í Mjóafirði þar sem urðunarpláss í núverandi urðunargryfju við Máfsberg er fullnýtt. Nýi urðunarstaðurinn er fyrirhugaður í túnum við eyðibýlið Rima um two km utan við Brekkuborp. Að mati framkvæmdaraðila er svæðið talið vera með því heppilegasta í Mjóafirði og þarf tiltölulega litlar framkvæmdir til að gera staðinn hæfan sem urðunarstaður. Einnig kemur fram að staðurinn er nógu stór til að taka við því hámarksagni sem kann að falla til ef óvænt áföll verða eða um 100 tonn í einu. Engin vatnsból eða fornminjar er að finna á staðnum og í næsta nágrenni hans. Sjón- og lyktarmengun frá urðunarstaðnum er talin verða óveruleg. Urðunarstaðurinn er í hæfilegri fjarlægð frá framleiðslustað og tiltölulega greið aðkoma er að urðunarstaðnum meirihluta ársins.

Umhverfisstofnun telur að ekki komi nægilega skýrt fram í framlögðum gögnum hvort einungis sé um að ræða urðun á fiski sem hafi drerist af „eðlilegum“ ástæðum eða vegna náttúruhamfara eða hvort einnig eigi að urða fisk sem dreyst af öðrum orsökum, t.d. sjúkdómum. Urðun er starfsleyfisskyld framkvæmd og í starfsleyfi verður meðal annars tekið á þessum þætti starfseminnar. Að teknu tilliti til umfangs framkvæmdarinnar og þess að hún er ekki á náttúruverndarsvæði eða á svæði sem telst vera viðkvæmt vegna lífríkis eða landslags og á grundvelli fyrirliggjandi gagna telur stofnunin ekki líklegt að fyrirhuguð framkvæmd hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Virðingarfyllst,

  
Gunnar Steinn Jónsson  
Staðgengill forstöðumanns

  
Sigurðr Friðriksdóttir